

Nd.

133. Tillaga

til þingsályktunar um dýrtíðaruppbót handa embættis- og sýslunarmönnum landssjóðs.

(Eftir fyrri umr. í Nd.)

Alþingi ályktar, að heimila landsstjórninni að greiða embættis- og sýslunarmönnum landssjóðs dýrtíðaruppbót fyrir árið 1916, svo sem hjer segir:

- | | | |
|----|---------------------------------------------------------|------|
| 1. | Þeim, er hafa að árslounum 1500 kr. eða minna | 50%. |
| 2. | — — — — — 2500 — | 40%. |
| 3. | — — — — — 3500 — | 25%. |
| 4. | — — — — — 4500 — | 5%. |

og skal reikna millibilin á milli þessara launahæða eftir líkingunni

$$y = \frac{2225 - x^2}{40}$$

þar sem x tákna launahæðina í hundruðum og y uppbótarprósenta.

Hjá þeim embættis- og sýslunarmönnum, er jafnframt landssjóðslaunum hafa aukatekjur eða hlunnindi, er metin verði til peninga, af embætti sínu eða sýslan, koma launin eða tekjurnar samanlagðar til álita við greiðslu

og útreikning dýrtíðaruppbótar, þó þannig, að uppbót greiðist þeim því að eins, ef þetta samanlagt fer eigi fram úr þeirri hæstu launahæð (4500 kr.), sem dýrtíðaruppbót er veitt af.

Taki menn laun úr landssjóði fyrir fleiri starfa en einn, reiknast þau samantalin.

Allir þeir, karlar og konur, er eftirlaun hafa úr landssjóði, eftir sjerstökum lögum eða fjárlögum, njóta sömu uppbótar sem aðrir launamenn samkvæmt þessari þingsályktun, enn fremur stundakennarar landsskólanna, svo og starfsmenn þeirra fjelagsstofnana og kennarar þeirra skóla, er njóta styrks úr landssjóði, þar með taldir unglingaskólar, barnaskólar og farskólar, og kemur í stað launahæðar borgun sú, er þeir þiggja fyrir starfa sinn.

Frá uppbót þessari dregst dýrtíðaruppbót sú, er greidd hefir verið fyrir 1916, samkvæmt lögum nr. 23, 3. nóv. 1915, að því er snertir þá embættis- og sýslunarmenn landssjóðs, er uppbót hafa fengið eftir þeim lögum.

Framangreind dýrtíðaruppbót skal færð niður um $\frac{2}{5}$ hjá öllum einhleypum, er dýrtíðaruppbótar njóta, svo og hjá þeim, er tekjuauka hafa af framleiðslu-atvinnu á sjó eða landi, eignum eða öðru, svo að nemi 600 kr. á ári eða meiru auk kostnaðar.

Þeir, sem hafa 1500 kr. tekjur, auk tekna, er dýrtíðaruppbót reiknast af, skulu enga dýrtíðaruppbót fá.

Allir, sem dýrtíðaruppbót fá, skulu gefa stjórninni skýrslu, að viðlögðum drengskap, um tekjur sínar.

Landsstjórnin hlutast til um, að Landsbanki Íslands greiði gætslustjórum bankans, endurskoðendum, bókara og gjaldkera dýrtíðaruppbót fyrir árið 1916 eftir sömu reglum, sem þingsályktun þessi setur um uppbót handa starfsmönnum landssjóðs.